

# Grunnskólinn á Ísafirði

## Námsval 5.-7. bekkjar Hræringur



skólaárið 2024-2025



Næsta vetur verður nemendum 5.-7. bekkjar áfram boðið að velja sér viðfangsefni þrjár kennslustundir á viku. Tvær kennslustundir verða á þriðjudögum og ein á föstudögum og verður skipt í fjögur u.þ.b. níu vikna tímabil. Hver nemandi mun því fara í fjögur viðfangsefni á þriðjudögum og fjögur á föstudögum yfir allan veturinn. Nemendur eru beðnir um að velja, í samráði við foreldra sína, sex viðfangsefni fyrir hvorn dag – sjá valblaðið sjálft á öftustu síðu.

Markmið hræringis er að auka fjölbreytni viðfangsefna í skólanum og nemendur fái fleiri tækifæri til að sinna verkefnum sem þeir hafa áhuga á. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvernig þeir haga námi sínu.

Sumar valgreinar eru þær sömu og í fyrra, þannig að ekki er ráðlegt að velja þær sömu aftur.

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda varðandi valið, stundum fellur kennsla ákveðinna hópa niður ef of fáir velja, og sumar valgreinar eru vinsælli en aðrar. Þá verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn. Þess vegna eiga nemendur að merkja valið með tölustöfum þannig að nr.1 sé það sem þá langar helst til að fara í, síðan nr. 2 og svo framvegis upp í 6.

Ef óskað er frekari skýringa er best að hringja í skólann og tala við umsjónarkennara í síma 450 8300.

**Valblaði skal skila til umsjónarkennara eigi síðar en föstudaginn 17.maí.**

## **Þriðjudagur (2 kennslustundir á viku)**

### ➤ **Bestu lögin**

Nemendur hlusta á alls konar tónlist og reyna að komast að því hvað er besta lag allra tíma. Einnig kynnast þeir sögu vinsællar tónlistar og þróa tónlistarsmekk sinn.

### ➤ **Borðspil**

Nemendur læra á fjölbreytt úrval borðspila og æfa sig að spila sjálf.

### ➤ **FabLab**

Nemendur nýta sitt eigið frumkvæði og sköpun til að ná tökum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab. Kennslan fer fram í FabLab smiðju á Torfnesi.

### ➤ **Frjálsar íþróttir**

Nemendur fá tækifæri til þess að kynnast frjálsum íþróttum. Farið er í grunn atriði í stökkum, hlaupum og líkamsbeitingu, og leiki sem tengjast frjálsum íþróttum.

### ➤ **Klifur og útivist**

Nemendur fá að kynnast ýmsum jaðariþróttum s.s. klifri í klifurhúsi og undirstöðum þess ásamt því að fá að taka þátt í ýmskonar útivist á svæðinu. Farið verður í gönguferðir og hjólaferðir (þegar veður leyfir).

### ➤ **Leiklist**

Nemendur læra að nýta sér hugmyndir jafningja og leggja fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.

### ➤ **Listsköpun**

Tvívíð, þrívíð og list í tæknilegu formi. Grunnatriði formfræði og litafræði. Teikning með ýmsum áhöldum. Litafræði- málun og fleira. Nemendur fá frjálsari hendur og velja á milli skúlptúrgerðar, leir, pappamassi ofl. Stiklað á stóru um listasöguna.

### ➤ **Milli fjalls og fjöru – útinám**

Nemendur fá tækifæri til að upplifa og skoða náttúruna og nærumhverfið t.d. með berjaferð, fjöruferð, fjallgöngu o.fl.

### ➤ **Ræktun og bakstur**

Sjálfbærni – íslensk náttúra, ræktun og fleira. Viðfangsefnin eru valin í takt við árstíðir þannig að þau eru breytileg á milli hópa. Ræktun matjurta og sumarblóma – sáning, umhirða og uppskera. Matur beint frá náttúrunni – söfnunarferðir. Eldað úti – bakað inni. Verkefni tengd hátíðum og siðum.

### ➤ **Sápugerð**

Nemendur læra að gera sápur/skrúbba og hanna poka utan um þær.

### ➤ **Tæknileg**

Nemendur æfast í að nota tannhjól og gíra í hlutum sem þeir búa til og nýta eigið frumkvæði og sköpun. Lagt er upp með að hanna og byggja úr kubbum og kynnast frumþáttum véltækni.

## Föstudagur (1 tími á viku)

### ➤ **Enski boltinn**

Nemendur öðlast dýpri þekkingu á ýmsum atriðum tengdum enska fótboltanum.

### ➤ **Grafísk hönnun**

Grafísk hönnun. Grunnatriði hönnunar, hugmyndavinna, lógógerð og grunnur í teikniforritum. Æfingar í auglýsingagerð og bæklingar. Hugmyndaflæði og stiklað a stóru í vestrænni hönnunarsögu.

### ➤ **Hundar sem gæludýr**

Í tímunum munu nemendur læra um hunda almennt og varðandi samskipti hunda og manna og ýmsa þætti í umhirðu „besta vinar mannsins“.

### ➤ **Jóga Nidra**

Nemendur kynnast hugleiðslu og djúpslökun, sem losar streitu, bætir svefn og skapar jafnvægi í líkamanum. Jóga Nidra byggir á öndun og slökun, núvitund og líkamsvitund.

### ➤ **Lestur og hlustun**

Lögð verður áhersla á að hlusta á eða lesa saman valda kafla í bókum eftir þekkta höfundu. Einnig hlustað á ýmis íslensk hlaðvörp og rætt um efnið sem þeim tengist.

### ➤ **Skák**

Nemendur kynnast reglum skáklistarinnar, læra grunnatriði í áætlanagerð og taktík, einnig valdar byrjanir og einföld mátstef.

### ➤ **Skólahreysti**

Markmiðið er að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því, taki ábyrgð á eigin þjálfun og læri um upphitun, þol, kraft og hreyfiproska.

### ➤ **Skrautskrift**

Nemendur læra grunnatriði skrautskriftar og þjálfast í fjölbreyttri stafagerð.

### ➤ **Spænska**

Nemendur fá nokkra innsýn í tungumálið og helstu framburðarreglur. Miðað er við að nemendur geti sagt frá sjálfum sér og spurt einfaldra spurninga.

### ➤ **Tálgun og útskurður**

Nemendur læra að nota tálguhnífa og útskurðajárn og tækni við tálgun og útskurð.

### ➤ **Útivist og leikir**

Markmiðið er að mæta þörf nemenda fyrir útivist og hreyfingu og efla félagslega færni. Skipulagðir verða leikir af ýmsu tagi og útivist í samræmi við veður.



## Valblað fyrir 5. – 7. bekk skólaárið 2024-2025

Nafn: \_\_\_\_\_ Núverandi bekkur: \_\_\_\_\_

### Valblaðinu skal skila í síðasta laqi föstudaginn 17. maí.

Númerið frá 1 upp í 6, þannig að það sem ykkur langar mest að gera verði númer 1, næstmest númer 2 og svo framvegis.

***Bent skal á að ekki er ráðlegt að nemendur velji sömu valgrein og á síðasta ári.***

<b>Þriðjudagur</b> Númerið frá 1 og upp í 6	<b>Föstudagur</b> Númerið frá 1 og upp í 6
____ Bestu lögin	____ Enski boltinn
____ Borðspil	____ Grafísk hönnun
____ FabLab	____ Hundar sem gæludýr
____ Frjálsar íþróttir	____ Jóga
____ Klifur og útivist	____ Lestur og hlustun
____ Leiklist	____ Skák
____ Listsköpun	____ Skólahreysti
____ Milli fjalls og fjöru - útinám	____ Skrautskrift
____ Ræktun og bakstur	____ Spænska
____ Sápugerð	____ Tálgun og útskurður
____ Tæknilegó	____ Útivist og leikir

Samþykki foreldris: \_\_\_\_\_

